



Kópavogur, 31. október 2016

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar mánudaginn 21. nóvember 2016 klukkan 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um 28,6% lækkun hlutfjár.
2. Önnur mál löglega upp borin.

Tillaga stjórnar um hlutfjárlækkun í félaginu er svohljóðandi:

„Hluthafafundur N1 hf. haldinn mánudaginn 21. nóvember 2016 samþykkir að færa niður hlutfé félagsins um kr. 100.000.000 að nafnverði, og að auki yfirverðsreikning hlutfjár og lögbundinn varasjóð um samtals kr. 1.186.542.720 eða alls um kr. 1.286.542.720, og verði fjárhæðin greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutfjáreign þeirra í félaginu í lok dags. 16. desember 2016, ef lögboðnar forsendur verða fyrir útgreiðslunni á þeim tíma, en ellegar við fyrsta mögulega tímamark eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

Greinargerð stjórnar:

N1 hf. gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu um mitt ár 2011. Lánardrottinnar félagsins eignuðust allt hlutfé þess í kjölfarið. Grunnstef í þeirri vinnu sem unnin var áður en lánardrottnarnir tóku félagið yfir var að skila inná markaðinn fjárhagslega sterku félagi sem væri vel í stakk búið til að mæta samkeppni á eldsneytismarkaði. Nú hafa allir hlutir félagsins verið skráðir á opinberum markaði eins og að var stefnt.

Hluti af fjárhagsstefnu félagsins sem stjórn og hluthafar hafa samþykkt er að halda eigin fé þess í kringum hlutfallið 40%. Til að ná þessu marki var hlutfé félagsins lækkað samkvæmt ákvörðun hluthafafundar í október árið 2014, á aðalfundi 2015 og á hluthafafundi í nóvember 2015. Nú leggur stjórn N1 enn og aftur til með hliðsjón af niðurstöðu árshlutareiknings fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2016 að hlutfé félagsins verði lækkað um tæpan 1,3 milljarða króna og fjárhæðin verði greidd út til hluthafa þess í samræmi við hlutfjáreign þeirra í félaginu. Með þessu er stefnt að því að hlutfall eigin fjár verði um 40% í lok ársins.

Ef tillagan verður samþykkt, þá hefur viðskiptabanki félagsins, Landsbankinn hf., samþykkt fyrir sitt leyti ráðstöfunina, vegna lána sinna til þess.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.



Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir klukkan 16.00 miðvikudaginn 16. nóvember 2016.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir klukkan 16.00 mánudaginn 7. nóvember 2016.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 16.00 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

Stjórn N1 hf.